

Hverfisnefndarfundur Oddeyrar 10. september 2009

45. fundur

Fundarstaður Te og kaffi í Eymundsson. Mættir voru Auður, Jón Einar, Hjalti, Steinþór, Hildur og Ingibjörg. Fundur var settur kl. 16.30.

Fundarefni: Akureyrarvöllur, nágrannavarsla, aðalfundur og ályktun um viðhald á Lundargötu 17.

Vilji er hjá hverfisnefndinni fyrir því að göngustígurinn meðfram Akureyrarvelli verði endurbættur og gerður hættuminni.

Aðeins var komið inn á nágrannavörslu og hugmyndir bæjarins um að leggja kynningu á nágrannavörslunni í hendur hverfisnefndanna. Það var lítillega rætt með hvaða hætti hverfisnefnd Oddeyrar gæti komið að þessu verkefni án þess að sérstök niðurstaða fengist í málið.

Stefnt er að aðalfundi hverfisnefnd Oddeyrar þann 1. október næstkomandi. Hugmyndir eru uppi um að Kollgáta komi á aðalfundinn og verði með kynningu á hugmyndum sínum um framtíð Oddeyrar. Eins var tekin ákvörðun um að veita Hugrónu Ívarsdóttur hvatningarverðlaun fyrir Laufabrauðssetrið.

Ákveðið var að álykta um ástand húseignar á Lundargötu 17. Hverfisnefndin var sammála um nauðsyn þess að þrýsta á bæjaryfirvöld að bæta ástand húseignarinnar.

Ekki voru fleiri mál rædd og var fundi slitið kl. 17.25.